

Stjórnarfundur DA 25.4.2018

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Olga Gísladóttir, Drífa Valdimarsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Steinþór Heiðarsson, Arnór Benónýsson, Ásgeir Böðvarsson.

Gestir: Baldur Danielsson og Rúnar Bjarnason endurskoðandi

Dagskrá:

1. Ársreikningur 2017
Fyrir stjórn liggur ársreikningur DA fyrir árið 2017. Rúnar Bjarnason fór yfir helstu kennistærðir í ársreikningnum. Tekjur hækka milli ára m.a. vegna daggjaldaukningar. Laun haldast nánast óbreytt milli ára, en aukinn viðhaldskostnaður varð 2017 frá fyrra ári. Eigið fé Hvamms eykst milli ára, sérstaklega vegna yfirtöku ríkisins á lífeyrisskuldbindingum skv. samkomulagi sem varð að lögum 2016. Reksturinn lítur betur út en oft áður. Enn er á brattann að sækja hvað viðhald varðar sé litioð til næstu ára.
Bókun: Stjórn þakkar Rúnari fyrir góða yfirferð. Ársreikningi Dvalarheimilisins Hvamms er vísað til staðfestingar Aðalfundar.
2. Skýrsla framkvæmdastjórnar
Jón Helgi fór yfir stöðu á rekstrinum og stöðu á mönnun fyrir sumarið.
3. Svör velferðarráðuneytisins við erindi stjórnar frá janúar 2018.
Bókun: Stjórn DA lýsir yfir vonbrigðum yfir svörum ráðuneytisins við fyrirspurnum stjórnar, sérstaklega í ljósi jákvæðs og uppbyggilegs fundar beggja aðila í janúar sl. Stjórn felur stjórnarformanni að óska eftir fundi með ráðherra og ráðuneytisstjóra um næstu skref mála. Mikilvægt er að af þessum fundi verði á næstu tveimur til þremur vikum.
4. Þjónustusamningur við Norðurþing vegna umönnunar skjólstæðings félagsþjónustu Norðurþings.
Bókun: Framkvæmdastjóra falið að ganga frá samningi á grunni þeirra draga sem nú liggja fyrir.
5. Önnur mál
Jón Helgi lagði fram nýjar teikningar af endurbótum á húsnæði Hvamms, þ.m.t. endurbóta á endurhæfingarrymi ofl.

Undirritanir:

The image shows five handwritten signatures in blue ink, arranged vertically. From top to bottom, they are: Baldur Danielsson (signature only), Rúnar Bjarnason (signature only), Steinþór Heiðarsson (signature only), Drífa Valdimarsdóttir (signature only), and Sigurður Böðvarsson (signature only).